

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs frá Varmahlíð að Sauðárkróki



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2017/179

Forsíðumynd: Beitarhúsatóft í landi Brautarholts



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2017/179

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
FORNLEIFASKRÁNING.....	6
SAMANTEKT	9
NIÐURLAG	10
HEIMILDASKRÁ	11

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði fornminjar vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs frá spennistöð í landi Reykjarhóls að spennistöð ofan Kvistahlíðar á Sauðárkróki að beiðni Þóris Þórissonar hjá Eflu hf.

Fornleifaskráning hafði þegar farið fram á flestum þeim jörðum sem fyrirhugaður jarðstrengur á að liggja um en þar sem um gamlar skráningar er að ræða voru minjar innan skráningarsvæðis mældar upp aftur með nákvæmari gps tækjum. Listi yfir skráningarskýrslur af svæðinu er í heimildaskrá aftast í skýrslu. Heildarlengd fyrirhugaðrar lagnalínu er um 25km og samkvæmt kröfu Minjastofnunar voru skráðir 15m út frá línunni til hvorrar áttar. Þó var tekin sú ákvörðun að skrá 20m til austurs frá lagnalínunni frá Reykjarhóli að Staðará þar sem vegslóði mun verða gerður meðfram lögninni samkvæmt upplýsingum frá Eflu.

Fyrirhuguð lagnaleið liggur í gegnum land Sauðárkróks, Áshildarholts, Brennigerðis, Messuholts, Kimbastaða, Lyngholts, Traðar, Gils, Birkihlíðar, Glæsibæjar, Útvíkur, Hávíkur, Víkur, Gýgjarhóls, Hafsteinsstaða, Reynistaðar, Geirmundarstaða, Stóru-Grafar syðri, Litlu-Grafar, Þramar, Marbælis, Jaðars, Hátúns, Glaumbæjar 1 og 2, Halldórsstaða, Ytra-Skörðugils 2 og 3, Syðra-Skörðugils, Stóru-Seylu, Brautarholts, Grófargils, Íbishóls og Reykjarhóls. Eldri fornleifaskráningar voru til fyrir allar jarðirnar nema Gýgjarhól, Geirmundarstaði og Íbishól.

Undirbúningur, vettvangsvinna og skýrslugerð var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi. Vettvangsskráning fór fram 28. og 30. mars 2017.

Landeigendur og heimildamenn fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirkni og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun

fornleifa án jarðrask og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornlifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.¹

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornlleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornlleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornlleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornlleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu. “

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornlleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Í þessu tilviki lágu fyrir eldri fornlleifaskráningar á flestum þeim jörðum sem fyrirhugaður jarðstrengur mun liggja í gegnum og því var búið að vinna grunnvinnu að mestu.

¹ Heimasíða Alþingis.

Farið var í gegnum eldri skráningarskýrslur og athugað hvort að þekktar minjar væru innan skráningarsvæðis. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær beitarhúsatóft í Brautarholti raðnúmerið 4 og framan við það er sett verkefnisnúmer (Brautarholt-1859-4). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Eldri fornleifaskráningar eru til frá skráningarsvæðinu og er vísað til númera í þeim með því að setja þær í sviga aftan við númer fornleifa Brautarholt-1859-4 (181772-105-50-10).

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda við lagningu jarðstrengs og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklega til að vera í hættu eða ekki bæði út frá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1,5m í skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskráning



Mynd 1. Yfirlitsmynd af minjum við túni á Þröm. Minjarnar innan túns eru merktar með hvítum punkti en þær eru utan svæðis og ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

göturnar svo áfram til austurs sunnan við bæinn á Páfastöðum (munnl. heimild: Sigurður Baldursson, 21.04.2017). Göturnar voru mældar af loftmynd og eru greinanlegar á rúmlega 2ja km kafla.

Aðrar upplýsingar

Í 2. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hreppavegur lá fyrrum yfir Sæmundará hjá Varmalandi niður sunnan við Þröm og þaðan austur að Páfastöðum.“ Þar segir líka frá Þramarvegi: „Þar sem Langholtsásinn er hæstur milli Þramar og Páfastaða var kallað Hæðin. Yfir hana voru beinar götur og taldar fornar. Hefur þar væntanlega verið höggvin braut gegnum skóginn sem án efa hefur þakið Langholtið til forna.“ (bls. 213).

Þröm-1859-1 (176749 74-13-15)²

Sérheiti: Þramarvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur í gegnum minjarnar og sýnt að þær verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Gamli hreppsvegurinn lá yfir Langholtsásinn frá Staðará til austurs að Páfastöðum.

Lýsing

Á loftmynd sjást gömlu göturnar liggja frá Sæmundará til norðausturs og svo austurs sunnan við túnið á eyðibýlinu Þröm. Þar sameinast þær vegslóðanum að Páfastöðum austan við suðurenda túnsins. Vegslóðinn að Páfastöðum liggur svo eftir gamla hreppaveginum áfram austur að efstu túnunum. Þar kemur gamla gatan aftur í ljós og liggur áfram til austurs í átt að Páfastöðum, sunnan við yngri vegslóðann.

Samkvæmt heimildamanni lágu gömlu

² Númer í sviga er úr skráningarskýrslu frá 2006.



Mynd 2. Garðlag eða hleðsla (1859-2). Horft er til austurs.

breidd, 20-30sm há og algróin grasi. Hún er vel greinanleg á 40m löngum kafla. Á loftmynd sést framhald á um 60m kafla en það er utan skráningarsvæðis. Meðfram hleðslunni/garðlaginu að sunnan er niðurgroftur eftir efnistöku en efnid hefur verið stungið á staðnum. Hlutverk og aldur er óviss þetta minnir helst á upphlaðinn veg.

Þröm-1859-2

Hlutverk: Óþekkt, leið

Tegund: Garðlag, hleðsla

Hættumat: Mikil hættu.

Fyrirhuguð lagnaleið liggur í gegnum minjarnar og sýnt að þær verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Austan við túnið í Þröm, 60m austur af tóftum gamla bæjarins er hleðsla eða garðlag.

Lýsing

Hleðslan/garðlagið er um 1,4-2m á



Mynd 3. Leifar meints túngarðs á Þröm. Horft er til norðurs.

liggur með útbrún túnsins á Þröm og gæti því verið leifar af túngarði. Það er 10-30sm hátt og um 120sm breitt, gróið grasi og mosa. Í rofinu er sést í nokkuð af grjóti sem gæti verið úr undirstöðugarðsins. Heimildamaður segist muna eftir túngarði norðan og sunnan við túnið sem nú sé horfinn en ástæðuna taldi hann rof vegna vatnsaga sem verður þarna í leysingum (munnl. heimild: Sigurður Baldursson, 21.04.2017). Þess ber að geta að þetta garðlag er að líkindum norðan við gamla túnið eins og það var 1917 og því ekki víst að um fornleifar sé að ræða.

Þröm-1859-3

Hlutverk: Túngarður?

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hættu.


Fyrirhuguð lagnaleið liggur í gegnum minjarnar og sýnt að þær verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Á kafla norðan og austan við norðurhluta túnsins á Þröm eru mögulega leifar garðlags.

Lýsing

Meint garðlag er mjög rofið en



Mynd 4. Beitarhúsatóftin frá Litlu-Seylu er við 15m línuna frá fyrirhugaðri lagnaleið. Vegslóði verður meðfram lagnaleiðinni að austan og tóftin gæti verið í hættu vegna tilheyrandi rasks við veglagningu.

Hóllinn er grasi gróinn og áberandi í umhverfi sínu.

Lýsing

Tóftin er efst á hólnum, 16x17m að utanmáli og snýr norður/suðurs. Dyr hafa snúið til austurs. Hún er þrískipt og sjást garðar í tveimur syðstu húsunum en nyrsta húsið er ógreinilegra og þar sér ekki í garða. Tóftin er grasi gróin en grjóthleðslur sjást greinilega og hafa veggir verið grjóthlaðnir neðst með torfi að ofan. Heytóft, mögulega tvískipt hefur verið vestan við öll húsin. Veggir eru 10-40sm háir og mest tæplega 1,5m á breidd. Framan í hólnum og framan við tóftina er 20-30sm djúpur og 7m

langur niðurgröftur. Hann er um 4m breiður að ofan (til vesturs) en mjókkar niður.

Aðrar upplýsingar

Í 2. bindi Byggðasögu Skagafjarðar er beitarhúsunum svo lýst: „Litlu-Seylu-, eða Brautarholtsbeitarhúsin voru á háum og gróskumiklum hól, talsvert austar og neðar í Ásnum heldur en Seyluhúsin. Þau samanstanda af þremur samstæðum húsum (þriggja ása hús) með 6 króm, tvö þau syðri reyndar unglegri að sjá. Heytóft stór á bakvið. Dyr snúa mót austri. Krærnar 8m langar. Það þýðir að 90 hafa hefur komist í syðri húsin tvö, því vafasamt er að norðustu húsin hafi staðið samtímis hinum syðri. Ella hafa þau tekið a.m.k. 130 fjár hafi öll verið uppi samtímis. Við ábúandaskipti 1885 er getið tveggja beitarhúsatófta, lítt stæðilegra, fyrir samtals 80 fjár. Sigurður Jónsson sem kom til búskapar þetta sama ár mun hafa byggt upp beitarhúsin.“ (bls. 315).

Brautarholt-1859-4 (181772-105-50-10)

Sérheiti: Húsatóftir

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru um 15m frá fyrirhugaðri lagnaleið en leggja þarf vegslóða meðfram lögninni að austan og verður hann því mun nær tóftinni.

Staðhættir

Beitarhúsin frá Litlu-Seylu (nú Brautarholti) eru á hól austanvert á Ásnum (Langholtsásnum), 1,2km vsv af íbúðarhúsinu á Brautarholti.



Mynd 5. Hluti beitarhúsanna frá Litlu-Seylu. Fyrir miðju sést grjóthlaðinn garði og síthvoru megin krærnar. Horft til til vesturs í átt að fyrirhugaðri lagnaleið.

Samantekt

Lagnaleiðin milli Sauðárkróks og Reykjahlíðar er um 25km á lengd en liggur að stórum hluta meðfram vegi. Skráð var 15m breitt belti beggja vegna lagnarinnar nema á Langholti þar sem skráðir voru um 20m til viðbótar austan hennar vegna áætlaðs vegslóða. Fjórar minjar voru skráðar í hættu, þrjár í landi eyðibýlisins Þramar og ein í landi Brautarholts.

Lögnin liggur frá spennistöð sunnan Kvistahlíðar á Sauðárkróki, í landi **Áshildarholts**, sunnan við merkin við Sauðárkrók. **Sú leið var gengin en engar minjar fundust innan við 15m frá fyrirhugaðri lagnaleið.**

Í landi **Sauðárkróks** liggur lagnaleiðin meðfram vegi nema á um 400m kafla þar sem lögnin beygir til austurs frá Borgargerði, sunnan Borgarfitjar og Borgarteigs. **Engar minjar fundust innan Sauðárkrókslands.**

Frá **Áshildarholti** að **Reynistað** liggur fyrirhuguð lagnaleið vestan og meðfram þjóðveginum. **Keyrt var meðfram þjóðvegi og fundust engar minjar á þessari leið. Samkvæmt eldri fornleifaskráningum eru engar þekktar minjar á lagnaleiðinni.**

Frá **Reynistað** að **Staðará** liggur línar að hluta yfir land Reynistaðar, að hluta vestan þjóðvegur fram Sæmundarhlíð og að hluta yfir norðaustur horn Geirmundarstaðalands. **Engar minjar fundust á þessum hluta leiðarinnar.**

Frá **Staðará** að **Reykjarhóli** liggur leiðin suður eftir Langholti, nyrst er hún vestan við há holtið en að mestu er hún austan þess. Búið var að skrá allar jarðir á þessum hluta leiðarinnar nema Íbishól. **Minjar fundust í landi Þramar og Brautarholts (sjá hér að neðan) en aðrar minjar fundust ekki á leiðinni.**

Lagnaleiðin liggur austan við gamla túnið á **Þröm**. Þar fer hún á tveimur stöðum að norðanverðu í gegnum rofið garðlag (**1859-3**) sem gætu verið leifar túngarðs. Þess ber þó að geta að þessi hluti túnsins er líklega frá því eftir 1917 þar sem að tún á túnakorti nær ekki svo langt til norðurs. Á öðrum stað á lögnin að liggja yfir garðlag eða upphlaðinn veg (**1859-2**) sem liggur til austurs frá túninu. Lagnaleiðin fer einnig yfir gamla hreppavegin (reiðgötu) (**1859-1**) sem lá frá Sæmundarhlíð, sunnan við túnið á Þröm og áfram austur yfir Langholtið. **Ekki er talin ástæða til þess að gera breytingar á lagnaleiðinni en forðast ber allt umfram rask á þessu svæði.**

Í landi Brautarholts liggur lagnaleiðin um 15m vestan við gömlu beitarhúsin frá Litlu-Seylu. Ekki er talið að minjarnar verði fyrir raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda en áætlað er að gerður verði vegslóði austan við lögnina á þessu svæði og því ber að sýna sérstaka aðgát. **Ekki er talin ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni en gera þarf ráðstafanir til þess að töftin verði ekki fyrir raski vegna framkvæmda t.d. með því að afmarka minjarnar með áberandi merkingum.**

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirboði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minja geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/-2012080.html>. Skoðað 21.04.17.

Heimasíða Minjastofnunar Íslands. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013. Sótt af http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf. Skoðað 25.04.17.

Heimildamaður

Sigurður Baldursson, bóndi Páfastöðum.

Skýrslulisti-eldri skráningarskýrslur

Fornleifaskrá Reynistaðar. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, 2006/49.

Fornleifaskráning á Langholti II. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, 2006/51.

Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt. Sigríður Sigurðardóttir, 2003/21.

Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði. Sigríður Sigurðardóttir, 2003/24.

Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði. Sigríður Sigurðardóttir, 2003/25.

Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaðir. Sigríður Sigurðardóttir, 2003/26.

Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt. Sigríður Sigurðardóttir, 2003/22.

Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekkur, Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir. 2003/19.

Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, 2004/38.

Reykjarhóll í Skagafirði. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir. 2002/7.

Syðra-Skörðugil. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003/15.

Fylgiskjöl

Hnitaskrá 1859

Nr.	Heiti jarðar	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Veggh frá	Veggh til	Breidd	X	Y
1859-1	Þröm	Þramarvegur	leið	gata	1000	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	474170	569775
1859-2	Þröm		óþekkt, leið	garðlag, hleðsla	1700	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0.2	0.3	1.5	474117	569978
1859-3	Þröm		túngarður?	garðlag	800	1900	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0.1	0.3	1.2	474098	570065
1859-4	Brautarholt		beitarhús	tóft	1700	1930	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	0.1	0.4	1.4	476894	562924

STÓRAGRÖF SYÐRI

Geirmundarstaðir

LITLA GRÖF

N

DÚKUR

PÁFASTAÐIR

1859-3

1859-2

1859-1

VARMALAND

KJARTANSSTAÐIR / KJARTANSTAÐAKOT

ÞRÖM

HJALLALAND

HÖLL

MARBÆLI

HJALLALAND

Minjar á Þröm



Minjar



Jarðstrengur

15m



Landamerki

(Landamerki eru birt með fyrirvara um villur)

0 100 200 300 400 500

m

ÖIR / FOSSHÖLL

Meðalheimsvatn

JÁÐAR

HÁTÚN

GLAUMBÆR 1



N

SYÐRA SKÖRDUGIL

GELDINGAHOLT 3

TORFGARÐUR

STÓRA SEYLA

BRAUTARHOLT

1859-4

GRÓFARGIL

ÍBISHÓLL

0 200 400 600 800 1000 m

Minjar í Brautarholtslandi



Minjar

— Jarðstrengur

— 15m



Landamerki

(Landamerki eru birt með fyrirvara um villur)

